

Mál nr. 208/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega hjá R

Kona meiddist þegar hún var ásamt 3 öðrum starfsmönnum að aðstoða sjúkling þ. 8.3.2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 11.6.2009. ásamt fylgiskjölum 1-15
2. Bréf V dags. 6.7.2009.

Málsatvik.

M starfaði við heimahjúkrun í þjónustuþúðum aldraðra og var að aðstoða konu til að rísa á fætur þar sem hún hafði fallið í gólfið. Þrír starfsmenn reyndu að lyfta konunni upp en það tókst ekki og því var fjórði maðurinn fenginn þeim til aðstoðar og tókst þeim að lyfta konunni upp en við átökin fann M fyrir miklum verkjum og leitaði til lækna og fór í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga hnjasks sem hún telur sig hafa orðið fyrir við að aðstoða konuna í umrætt sinn. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega R hjá V. Lögmaður M bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt Vnnueftirliti ríkisins þegar í stað og því hafi engin rannsókn farið fram á tildrögum slyssins. Af hálfu M er haldið fram að hún hafi fengið slink á handlegg og afleiðingar slyssins, slitin sin hafi komið fram um leið. Lögmaður M færir rök fyrir því að tjón M hafi verið slys og alla vega hafi þyngsli konunnar sem lyft var verið skyndilegur utanaðkomandi atburður sem falli tvímælalaust innan slyshugtaksins. V hafnar bótaskyldu og telur ekki hafa verið um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmála en þar sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Ekki hafi verið um slíkt að ræða í umrætt sinn og það atvik sem hér ræðir um því ekki bótaskyld úr slysátryggingu launþega.

Álit.

Atvikið varð þegar M ásamt 3 öðrum starfsmönnum var að lyfta konu. Ekkert liggur fyrir um annað en það hafi verið gert með venjubundnum hætti og ekkert sem liggur fyrir í málinu sem sýnir eða bendir til þess að sú sem lyft var hafi streist á móti eða gert nokkuð til að tálma því að henni væri lyft. Ekki hefur því verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir slysi þar sem um hafi verið að ræða líkamstjón vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 21.7. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.